

Nr. 19-023 S 016 Örfirisey RE 4***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2170
IMO: 8704975
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Útgerð: HB Grandi hf
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m
Vél: Wichmann 3000 kW 1988
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. september 2018 var frystitogarinn Örfirisey RE 4 á siglingu við Reykjanes á leið til Reykjavíkur. Veður: NV 3 m/s.

Skipverji var að vinna við sjálfvirkan úrslátt, þegar fiskiblokk festist í úrsláttarvélinni. Þegar hann var að teygja sig til að laga hana skaut blokkinn út og klemmdi einn finger á milli tveggja fiskblokka. Við skoðun kom í ljós að hann var fingurbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að fremsta kjúkan á baugfingri hægri handar brotnaði;
- að skipverjar voru að flýta fyrir sér og notuðu ekki magasínið við úrsláttinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.